

Nd.

51. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. A. 40 í 2. gr. laganna orðast svo:

Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.

2. A. 41 í sömu gr. orðast svo:

Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi um Þykkvabæjarklaustur að Mýrum og Jórvík í Álftaveri.

3. Á eftir A. 43 í sömu gr. kemur nýr liður:

Holtisvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti á Síðu.

4. Á eftir A. 44 í sömu gr. kemur nýr liður:

Brunasandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Fossála á Síðu um Brunasand sunnan hraunsins að Teigingalæk.